

## Fundargerð aðalfundar Fimleikafélagsins Björk

Haldinn 25. apríl 2018

Formaður félagsins, Ásta Rut Jónasdóttir setti fundinn.

Fundarstjóri var kjörinn Hannes Pétursson og fundarritari Guðrún Björk Bjarnadóttir.

Til fundarins var boðað í samræmi við samþykktir félagsins með tilhlýðilegum fyrirvara, á heimasíðu félagsins, fésbókarsíðunni auk þess sem hann var auglýstur í Fjarðarpóstinum. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan til að taka fyrir þau mál sem honum eru falin.

Mættir voru 20 félagsmenn auk framkvæmdastjóra félagsins, Sigurðar Freys Bjarnasonar. Látinn var ganga listi þar sem menn rituðu nafn sitt og gengið var úr skugga um kjörgengi þeirra. Afrit mætingarlistans fylgir með fundargerðinni.

Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla aðalstjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári lögð fram og kynnt.

Í máli formanns stjórnar kom fram að eitt fyrsta verk stjórnarinnar hefði verið að skipa svokallaða framtíðarnefnd til að skoða uppbyggingu íþróttamannvirkja fyrir félagið. Sérstaklega var rætt um þörf félagsins til að fá full afnot af Andrasal. Nýjar lendingardýnur komu í salinn fyrir ekki alls löngu, en enn vantar dýnur í um einn þriðja salarins.

Formaður vakti einnig máls á áhrifum #metoo byltingarinnar á starf félagsins, en Hafnarfjarðarbær setti það sem skilyrði að íþróttafélög setji sér siðareglur og viðbragðsáætlanir vegna kynferðislegrar áreitni. Siðareglur félagsins voru skoðaðar og voru taldar fullnægjandi að þessu leyti, enda skammt síðan þær voru settar.

Iðkendur á árinu voru um 1000 hvora önnina. Flestir iðkendur eru á milli 6 og 12 ára.

Greint var frá kjöri íþróttafólks ársins í mismunandi deildum félagsins og helstu afrekum innan þeirra á árinu.

Formaður þakkaði öllum sjálfboðaliðum sérstaklega fyrir störf sín á árinu.

2. Reikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.

Fundarstjóri greindi frá því að skv. samþykktum eiga reikningar félagsins að liggja fram áritaðir viku fyrir fund, en því miður hafi það ekki nást að þessu sinni og spurði hann fundinn hvort einhver gerði athugasemd við að reikningarnir væru engu að síður lagðir fram á fundinum til samþykktar. Enginn gerði við það athugasemd.

Formaður gerði grein fyrir reikningnum.

Taldi formaður að rekstrarárið hefði verið þokkalegt, en félagið var rekið með tapi annað árið í röð, nú rétt rúmar fjórar milljónir kr. Munar þar nokkru um óvæntan reikning vegna lífeyrissjóðsgjalda ársins 2016 um 1,3 millj. Mestu munar þó um hækkun á launum og

launatengdum gjöldum. Ljóst er að þörf er að hækka eitthvað æfingagjöld til að koma rekstrinum í betra jafnvægi á næsta starfsári.

Er þetta í annað sinn sem að rekstur Íþróttamiðstöðvarinnar er inni í reikningi félagsins og stendur sá rekstur ágætlega undir sér. Nora kerfið er grunnurinn að bókhaldi félagsins en samt sem áður er ennþá þörf að handfæra reikninga að hluta til.

Spurt var sérstaklega um kostnað vegna mótahalds, en sá liður hækkar nokkuð milli ára. Sigurður Freyr útskýrði að þar væri um að ræða hækkun vegna mótahalds erlendis s.s. eins og ferð Sýningardanshóps til Ungverjalands. Iðkendur greiða síðan þennan kostnað í formi æfingargjalda, þannig að ekki er um raunverulega aukinn kostnað sem leggst á félagið heldur einfaldlega hærri veltu.

Spurt var um hvað væri innifalið í greiðslu bæjarins til félagsins vegna rekstrar hússins. Fram kom að greiðslan ætti að nægja fyrir launum starfsfólks og minniháttar viðhalds.

Hafsteinn hvatti stjórnina að huga að því að snúa við rekstri félagsins, ekki bara með hækkun æfingargjalda heldur einnig með betra kostnaðaraðhaldi. Rætt var um þann möguleika að ógreidd æfingagjöld fari sjálfkrafa til innheimtu í heimabanka eftir tiltekinn tíma og þá yrðu foreldrar sjálfir að sækja um niðurgreiðslu bæjarins til hans. Einungis eru tekjufærð greidd æfingagjöld í reikningnum svo og þeir greiðslukortasamningar sem búið er að koma.

Árseikningurinn var borinn upp til samþykktar og er hann samþykktur samhljóða.

### 3. Tillögur að lagabreytingum

Formaður kynnir lagabreytingar frá stjórn.

Stjórn leggur til breytingu á grein 4.2 í samþykktum (lögum) félagsins og að greinin breytist á þann hátt að í stað þess að halda verði aðalfund fyrir 15. apríl ár hvert þá verði það fyrir lok apríl. Og í að þess að boða til aðalfundar með 30 daga fyrirvara þá verði það 14 dagar.

Breytt grein myndi líta svona út (feitletrað því sem er breytt).

"Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert og skal aðalstjórn auglýsa fund með a.m.k. 14 daga fyrirvara eins og nánar er kveðið á um í gr. 4.5."

Ástæðan fyrir þessu er að erfitt sé að miða við 15. apríl þar sem í apríl eru oft margir frídagar og stundum erfitt að ná að klára reikninga félagsins fyrir þann tíma. Með því að stytta fundarboðunartímann er meira svigrúm fyrir stjórn að bregðast við ef t.d. fundarboðun mistekst.

Í þessu sambandi var nokkur umræða um að þörf sé á að auglýsa vel aðalfund með öllum tiltækum ráðum og á það einnig við um gagnvart starfsfólk félagsins.

Vakin er einnig athygli á því að vera kunnir að ÍBH muni gera athugasemd við breytinguna á fundartímanum en ÍBH vill fá skýrslur Íþróttafélaga fyrir þann 15. apríl ár hvert. Llagabreytingar öðlast ekki gildi fyrr en ÍBH og ÍSÍ hafi staðfest þær.

Breytingatillaga þessi er borin upp og samþykkt samhljóða.

Stjórn leggur einnig til breytingu á 4.6 í samþykktum um að kjörnefnd taki við framboðum í aðalstjórnnum og annist undirbúning kjörs aðalstjórnar. Sagði hann frá því að þetta væri lagt fram í framhaldi af umræðum á síðasta aðalfundi.

Breytt grein myndi líta svona út:

„Aðalstjórn skal skipa kjörnefnd eigi síðar en 4 vikum fyrir aðalfund. Nefndin skal skipuð 3 aðilum sem þekkingu hafa á starfsemi félagsins. Kjörnefnd skal leitast við að tryggja nægjanlega mörg framboð til aðalstjórnar og taka við slíkum framboðum. Hægt er að skila inn framboðum á skrifstofu merkt „kjörnefnd“ eða á það netfang sem félagið auglýsir. Framboð til aðalstjórnar skal tilkynna eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Komi ekki nægjanlega mörg framboð fyrir tilskilinn tíma skal kjörnefnd stýra því að opnað verði fyrir framboð á aðalfundi. Starfi kjörnefndar lýkur að aðalfundi loknum.“

Ástæðan fyrir þessari breytingu er að tryggja betur að finna fólk í stjórn félagsins og að slíkt sé ekki á hendi formanns eða starfsfólks félagsins og þá um leið verði valið hlutlausara verði það á hendi kjörnefndar.

Í þessu sambandi urðu nokkrar umræður um að nauðsynlegt sé að kynna betur hverjir það eru sem eru í framboði. Slíkt sé t.a.m. hægt að gera fyrir aðalfund s.s. á heimasíðu og gæti verið á hendi kjörnefndar.

Skorað er á stjórn að beita sér fyrir því að kjörnefnd verði skipuð fulltrúum sem flestra deilda félagsins.

Breytingatillaga þessi er borin upp og samþykkt samhljóða.

4. Kosning aðalstjórnar félagsins í samræmi við grein 5.1.

Ásta Rut Jónasdóttir er ein í framboði til formanns. Er hún því sjálfkjörin.

Þór Ólafsson býður sig fram til setu í stjórn til næstu tveggja ára.

Ásta Friðriksdóttir situr áfram í stjórn í ár til viðbótar, en hún var kjörin til tveggja ára í fyrra.

Þá er tilkynnt um að Lilja Baldvinsdóttur er nýr fulltrúi í stjórn og mun sitja á næsta starfsári í aðalstjórn fyrir hönd klifurdeildar, Sveinn Speight fyrir Tai Kwan Do deild, Marianna Finnbogadóttir fyrir hönd fimleikadeildar og Hafsteinn Þórðarson fyrir hönd félagsdeildar.

5. Kosning skoðunarmanna í samræmi við grein 7.2.

Stjórn leggur fram tillögu um Einar Hafliða Einarsson frá Deloitte og Margréti Lilju Tryggvadóttir sem skoðunarmenn.

Er tillaga stjórnar samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál.

Borist báru tvö erindi er varða samþykktir félagsins frá Þór Ólafssyni. Gerði hann grein fyrir þeim.

Annars vegar vildi hann vekja athygli á því að skv. grein 5.1. séu ekki varamenn í stjórn félagsins, en ef fleiri stjórnarmenn forfallast eða hætta í stjórn á miðju tímabili þá geti stjórn orðið illa starfhæf. Leggur hann til að fundurinn samþykki að ef einn eða fleiri stjórnarmenn forfallist til lengri tíma geti stjórn kallað til varamann fram að næsta aðalfundi og að stjórn skuli koma með tillögu að breyttu lagaákvæði er víkur að varamönnum fyrir næsta aðalfund.

Sveinn Speight vekur athygli á því að stjórn sé að meirihluta skipuð af fulltrúum deilda og ef þeir forfallast geti deild kosið sér nýjan fulltrúa. Stjórn verði því alltaf starfhæf.

Ingvar Kristinsson bendir á að það hafi verið með ráðum gert að hafa ekki varamenn í stjórn, enda séu slíkir aðilar oft hálfóvirkir í stjórnnum. Formaður kjósi sér varaformann sem taki við ef formaður forfallist. Eftir sitji sjö í stjórn og eigi stjórn að vera starfhæf fram að næsta aðalfundi jafnvel þótt einhver þeirra forfallist. Varamenn hafi einnig stundum þau áhrif að aðalmenn fari að mæta illa. Auk þess geti stjórn ávallt kallað til aðstoðarmenn til einstakra verkefna eins og þörf krefur, en hún geti ekki kallað inn stjórnarmenn að eigin vali.

Ákveðið er að beina þessu erindi til stjórnar og að skoða betur fyrir næsta aðalfund.

Þór gerir einnig grein fyrir erindi er varðar grein 2.5 samþykktum félagsins um að þeir félagar sem eru eldri en 18 ára og falla af iðkendaskrá viðkomandi íþróttadeildar skulu sjálfkrafa verða skráðir í félagadeild. Hafsteinn Þórðarson hafði fyrr á fundinum einnig haft orð á þessari lagagrein og framkvæmd hennar. Báðir kalla eftir umræðum um hvernig þessari grein sé framfylgt og hvernig hægt sé að virkja betur yngra fólk í félagadeild. Ingvar Kristinsson bendir á að ákvæði þetta sé til komið vegna fordæmis frá Haukum og sé til þess fallið að fyrrverandi iðkendur þurfi ekki að sækja um að verða félagsmenn í félaginu. Hins vegar ef þeir greiða ekki félagagjöld falli þeir út af félagaskrá eins og aðrir. Ljóst er að einhver misbrestur er á framkvæmd þessa ákvæðis og að tryggt sé að menn færast úr Norakerfi eða skráðir sem iðkendur inn í skrá félagadeildar. Anna Kristín vekur athygli á því að fyrrverandi iðkendur hafi þörf fyrir að geta samsamað sig félaginu. Í þessu sambandi er rætt um hvort hægt sé að koma því þannig fyrir að þessir yngri félagsmenn fái val á greiðslum fyrstu árin eða það sé þrepaskipt og er það eitthvað sem Félagadeild þarf að skoða hjá sér. Hildur Ketilsdóttir vekur athygli á því að margir iðkendur viti ekki einu sinni að hér sé Félagadeild starfandi. Hannes vekur athygli á því að erfitt geti verið að miða við 18 ára aldur þar sem flestir iðkendur hætti áður en þeir ná 18 ára aldri. Það myndist því ákveðið gat og hugsanlega sé eðlilegra að miða við að þá sem hætta eftir 16 ára aldur, að þeir verði félagar við 18 ára aldur. Hlín telur eðlilegt að einnig þurfi að skoða þetta í sambandi við þjálfara og annað starfsfólk félagsins að það geti einnig orðið meðlimir Félagadeildar eða verði á sama hátt sjálfkrafa félagar sem hugsanlega verði undanþegnir greiðsluskyldu meðan þeir starfi hjá félaginu.

Fundurinn beinir því til framkvæmdastjóra og Félagadeildar að þau skoði þetta í sameiningu í framhaldinu og að aðalstjórn skoði sérstaklega hvort ástæða sé til að ákvæði samþykktanna verði breytt.

Hlín spurði um nánari upplýsingar varðandi notkun Andrasalar og þeirri kröfu Dansíþróttafélagsins að fá hálfan salinn til afnota og að honum verði skipt með tjaldi. Formaður gerði grein fyrir nýlegum fundi með bæjarstjóra og íþróttafulltrúa þar sem þetta mál var rætt og hvaða neikvæði áhrif þetta myndi hafa á starfsemi félagsins og þá sérstaklega þá þjónustu sem í dag er veitt yngstu iðkendum.

Hlín vakti einnig athygli á því að þörf þjóðfélagsins fyrir hreyfingu sé að breytast í ljósi notkunar snjalltækja. Félaginu vanti pláss og húsnæði til að geta boðið upp á fjölbreytta íþróttaiðkun fyrir ungt fólk. Formaður benti á í framhaldinu að einnig væri mikilvægt fyrir félagið að hafa möguleika á að bjóða upp á áframhaldandi æfingar fyrir eldri hópa eða þá sem hætta í afreksstarfi félagsins.

Ingvar Kristinsson bendir á að ÍBH hafi samþykkt að fara ætti fram þarfagreining fyrir félagið fyrir framtíðaruppbyggingu þess. Þá hafi Dansíþróttafélaginu verið falið af bænum að finna sér húsnæði í núverandi íþróttamannvirkjum, en Dansíþróttafélagið vilji í raun ekki vera í íþróttasal heldur öðruvísi húsnæði sem henti þeim betur s.s. með speglum. Tillögum Dansíþróttafélagsins um breytingar á Andrasal með varanlegri skiptingu og speglum hafi verið hafnað af ÍBH og að ÍBH geti ekki samþykkt breytingar sem skerði starfsemi Fimleikafélagsins Björk, enda hafi ekkert samráð verið haft við Fimleikafélagið Björk um slíkar breytingar.

Þór óskar eftir því að það verði bókað að þjálfarar og annað starfsfólk hafi staðið sig afskaplega vel í oft óviðunandi vinnuaðstæðum sem að núverandi húsnæðiskostur bjóði upp á.

Ingvar Kristinsson vekur athygli á því að íþróttir fyrir aldraða sé einnig svið sem eðlilegt sé að félagið skoði hvað varðar framtíðarsýn þess svo og aðrar greinar sem einnig myndu falla vel að starfsemi félagsins. Í þessu sambandi er bent á þörf fyrir tækjasal fyrir styrktarþjálfun sem allir hópar félagsins gætu nýtt sér svo og eldri borgarar ef þeir kæmu inn í starf félagsins. Er þetta eitt af því sem framtíðarhópur félagsins mun skoða.

Snorri Sigurðsson vekur máls á því að samtal skorti milli mismunandi deilda félagsins þannig að allir komi fram sem eitt félag, á það bæði við um iðkendur, starfsfólk og stjórnir deilda. Tekið er undir það sjónarmið af fleiri fundarmönnum.

Hafsteinn Þórðarson vekur athygli á því að ekki séu allir viðstaddir meðlimir í félagadeildinni og hvetur alla á að skrá sig í deildina og styrkja starf þess. Einnig hvetur hann félagið til að standa að reglulegum hreinsunardögum bæði innanhúss sem utan þar sem allir geta sameinast um að vinna fyrir félagið.

Formaður ávarpaði fundinn að lokum og sagði að húsnæðismál séu án vafa allra stærsta mál félagsins. Félagið hafi feykinóg af iðkendum og að hægt væri að gera svo miklu meira með auknu olnbogaráymi. Þakkaði hún öllum viðstöddum fyrir komuna og áhuga þeirra á félaginu og störfum þess. Guðrúnu Björk og Diddu var sérstaklega þakkað fyrir framlag sitt í þágu félagsins, en þær báðar víkja nú úr stjórn.

Ekki voru önnur mál borin upp.

Fundi slitið kl. 22:00

Þannig fram farið, Guðrún Björk Bjarnadóttir.

